



Til: Velferðarráðs

Númer máls: VEL2020120007

Dagsetning: 8. janúar 2021

Svar Félagsbústaða við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um leigu og viðhald hjá Félagsbústöðum

Á 387. fundi velferðarráðs 2. desember sl. lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um leigu og viðhald hjá Félagsbústöðum.

Fram kemur í fyrirspurninni að nokkrir leigjendur hafi komið með ábendingar um að Félagsbústaðir hafi ekki brugðist við erindum um að loftræstitúður spúi ryki og viðhaldi á glugga sem ekki var hægt að loka vegna myglu og raka.

Í fyrirspurninni kemur fram, með tilvísun í nokkra leigjendur, að „í Covid“ komi enginn frá Félagsbústöðum til að sinna viðhaldi.

Þá eru nefnd gjöld eins og húsgjald, þjónustugjald og greiðslugjald sem innheimt eru samhliða húsaleigu, hvaða gjöld sé um að ræða og hvort þau hækki jafnt og þétt.

Svar Félagsbústaða:

Öll erindi sem berast frá leigjendum með óskum eða ábendingum um þörf á viðhaldi eru skráð og þeim annað hvort vísað beint til viðgerðarmanna eða þau rýnd frekar af eigna- og viðhaldssviði áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd. Í fyrirspurninni er vísað í tvö tilvik sem ekki hefur verið brugðist við af hálfu Félagsbústaða. Alls er óljóst við hvaða mála er átt við og því ekki unnt að svara þeim sérstaklega. Best væri að benda viðkomandi leigjendum á að snúa sér beint til Félagsbústaða hafi erindum þeirra ekki verið sinnt á fullnægjandi hátt.

Í byrjun faraldursins í mars var tekin ákvörðun um að sinna öllum brýnum verkefnum en bíða með þau verkefni sem þyldu bið. Þetta fyrirkomulag á ekki lengur við. Viðhaldsmál eru unnin í samráði við leigjendur og ef fólk af einhverjum ástæðum vill ekki fá utanaðkomandi inná heimili sín er það að virt og beðið með viðgerðir.

Húsgjöld eru svokölluð hússjóðsgjöld sem innheimt eru skv. 49. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 og skv. 5 kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Misjafnt er milli fjölbýlishúsa hvað er innifalið í hússjóðsgjöldum en það sem oftast er hiti, rafmagn, umhirða lóðar t.d. garðsláttur, snjómokstur, sorphirða og endurvinnsla. Stundum eru aðkeypt þríf hluti hússjóðsgjalda en annars skipta íbúar með sér þrífum sameignar. Þar sem Félagsbústaðir eiga stakar íbúðir taka



húsgjöld mið af ákvörðunum aðalfunda húsfélaga en af kostnaði liðins árs í fjölbýlishúsum sem alfarið eru í eigu Félagsbústaða.

Greiðslugjald er svokallað seðilgjald sem er 250 kr. gjald sem greitt er vegna bankakostnaðar við stofnun reikninga og útsendingu greiðsluseðla. Gjaldið hefur verið óbreytt frá 2017.

Þjónustugjöld eru innheimt fyrir velferðarsvið hjá leigjendum þjónustuíbúða aldraðra. Félagsbústaðir skila gjaldinu til velferðarsviðs en skv. upplýsingum frá velferðarsviði er gjaldskráin sem hér segir:

„Þjónustugjöld í þjónustuíbúðum aldraðra

Lýsing	Skýring	Eining	Verð 2021
Langahlíð, Furugerði, Norðurbrún, Dalbraut, Lindargata og Seljahlíð	Einstaklingur	pr. mánuð	13.290
Langahlíð, Furugerði, Norðurbrún, Dalbraut, Lindargata og Seljahlíð	Hjón	pr. mánuð	17.275
Seljahlíð parhús	Öryggishnappur	pr. mánuð	1.940

Gjaldskrá gildir frá 1. janúar 2021.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 20. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. 4. tl. 13. gr. sömu laga. Hún var samþykkt á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 1. desember 2020.“

Virðingarfyllt,

Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri

